



Fundur í stjórn Listasafns Árnesinga, haldinn í Listasafni Árnesinga 17.3 2023, kl. 9:00

Mætt eru:

Arna Ír Gunnarsdóttir, Njörður Sigurðsson, Bjarni H. Ásbjörnsson og Kristín Scheving.
Gestir fundarins eru Hrafnhildur Helgadóttir Arnar Leó Guðnason.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1) Ársskýrsla 2022

Hrafnhildur og Arnar frá KPMG kynna ársskýrslu Listasafns Árnesinga.

Nýjar áherslur eru settar fram í upplýsingum í ársreikningi gagnvart gjöfum til Listasafnsins og hvernig þeim er komið á framfæri þar sem þær eru ekki eignfærðar beint í reikningum,

Tekjur hafa aukist sem helgast af auknum styrkjum til sérverkefna og meiri umsvifum í safnabúð.

Rekstur húsnæðis hefur dregist saman sem helgast af því að ekki gafst tóm til að fara í vinnu við að meta viðhald á húsinæðinu sem er orðið verulega aðkallandi.

Hagnaður af rekstri Listasafnsins er kr. 3.666.404,-

Nauðsynlegt er að halda vel utan um styrki og kostnað sem þeim fylgja. Formgera þarf styrki sem tekjur og draga fram kostnað í gjaldfærslum.

Bókfærðar eignir nema kr. 32.940.880. Listaverk eru ekki bókfærð. Eigið fé er kr. 5.193.619, skuldir kr. 27.747.261. Handbært fé í árslok nema kr. 94.365,-

Safnstjóra var þakkað fyrir að halda vel utan um reksturinn.

Stjórn og safnstjóri staðfestu ársreikninginn með undirritun sinni. Hrafnhildur og Arnar fóru af fundi að lokinni undirritun.

2) Önnur mál

Ragnheiður Jónsdóttir fékk heiðursverðlaun Myndlistaráðs er Árnesingur og verður með sýningu í Listasafni Árnesinga á næsta ári.


Hrafnkell Sigurðsson var heiðraður af Myndlistaráði og verður einnig með sýningu í Listasafninu næsta ár.

Formaður stjórnar skrifaði undir verktakasamning við Maximillian Riley sem tæknimann og hönnuðar hjá Listasafni Árnesinga. Samningurinn skal rúmast innan fjárhagsáætlunar safnins.

Safnið fær til sín starfsnema frá Frakkandi næsta sumar og er nokkur eftirspurn eftir því að fá að vinna með safninu á þessum nótum.


Undirbúningur þriggja safna, Listasafnsins, Byggðasafns Árnesinga og Listasafns Íslands er að Ásgrímsleiðinni í Árnassýslu.

Fundi slitið kl. 10:15


Arna Ír Gunnarsdóttir formaður


Bjarni H. Ásbjörnsson


Njörður Sigurðsson


Kristín Scheving, safnstjóri.